



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

135. fundur skólanefndar

Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn fimmtudaginn 9. júní 1988 í bóknámshúsi skólans kl. 17.00

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson formaður, Hjálmar Árnason skólameistari. Eggert Ólafsson, Bogi Hallgrímsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðjón Kristjánsson, Ingólfur Halldórsson aðstoðarskólameistari, Helga Sigrún Harðardóttir, Kristinn Kristjánsson og Stefán Jónsson fjármálastjóri og fundarritari.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagsskár:

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar: Fjármálastjóri lagði fram yfirlit um stöðu fjárhagsáætlunar dags. 9. júní 1988. Skýrði hann út einstaka liði fyrir fundarmenn. Einnig lagði hann fram tillögur að beiðni um hækkun áætlunar um kr. 602.000,00 til að mæta kostnaðarhækkunum sem voru ófyrirséðar þegar áætlunin var gerð í ársbyrjun. Samþykkt að leggja þessa beiðni fyrir fjárhagsnefnd SSS. Skólameistara og fjármálastjóra var falið það.

2. Lög um framhaldsskóla: Skólameistari kynnti nýsamþykkt lög um framhaldsskóla og þær breytingar sem væru í vandum í starfsemi skólans. Skólanefnd fagnar þeim megintilgangi laganna að auka sjálfstæði skóla og vonar að það leiði til bætts skólastarfs. Þá vakti hann athygli á VIII. kaflanum, um rekstur og fjármál skólanna. Á þeim kafla mætti ætla að ríkissjóður tæki að sér alfarið rekstur skólanna, en svo væri þó ekki. Ýmsir kostnaðarliðir s.s. strætisvagnagjald nemenda og laun matráðskonu nemenda hefðu alfarið verið greiddir af sveitarfélögunum og ekki við því að búast að ríkissjóður tæki þátt í þeim kostnaði þrátt fyrir þessi nýju lög. Voru nefndarmenn sammála um það að ekki væri mögulegt að fella þessa kostnaðarliði niður og að sveitarfélögin þyrftu að taka á sig þær skuldbindingar áframhaldandi.

Þá væri einnig ljóst að við það að allir starfsmenn yrðu ríkisstarfsmenn myndu fastráðið starfsfólk á skrifstofu og við húsvörslu lækka í launum. Skólanefnd lýsir áhyggjum sínum yfir því ef hæfir starfsmenn hyrfu frá störfum og telur æskilegast að sveitarfélögin takist á hendur skuldbindingar sem tryggi að enginn núverandi starfsmaður skólans lækki í launum.

Í lögunum er gert ráð fyrir fimm fulltrúum í skólanefnd, þar af fjórum tilnefndum af sveitarstjórnnum. Þetta þýðir að þrír núverandi fulltrúar detta út. Nefndarmenn töldu slíkt óviðunandi. Öll sveitafélögin ættu að eiga sinn sinn fulltrúa í nefndinni, í það minnsta áheyrnarfulltrúa. Það vakti spurningar um greiðslur fyrir setu þeirra fulltrúa og fulltrúa kennara. Voru nefndarmenn sammála um að mæla með að sveitarfélögin greiddu áheyrnarfulltrúum og fulltrúa kennara laun.

Samþykkt að fela skólameistara að skýra út sjónarmið skólanefndar FS við stjórn SSS um ofangreind atriði.

3. Erindi flugmálastjóra: Bréf flugmálastjóra um að flugliðabraut verði starfrækt við skólann á sama hátt og á síðasta skólaári, a.m.k. næsta skólaár lagt fram. Skólanefnd samþykkir erindi flugmálastjóra.

4. Brautskráning vorönn 1988: Brautskráning nemenda fór fram í Íþróttahúsinu í Keflavík 21. maí sl. 68 nemendur fengu afhent 70 skírteini. Þeir skiptust í:

skiptinemar 3
flugliðar 29
tæknisvið 10
2 ára bóknámsbrautir 9
stúdentar 19

Umræður urðu um neikvæðan og rangan frétt aflutning Víkurfrétta um málefni skólans og voru nefndarmenn sammála um að slíkur frétt aflutningur gæti skaðað álit skólans og harmar að hann skyldi eiga sér stað.

5. Staða Tölvuskólans: Fjáröflun til tölvukaupa hefur gengið framár vonum og kann skólanefnd gefendum bestu þakkir fyrir stuðning við þetta framtak. Samþykkt að bjóða gefendum í skólann til að þiggja veitingar og skoða hið nýja tölvuver. Skólameistara falið málið.

6. Önnur mál.

a) Húsnæðismál. Vegna fyrirsjáanlegra breytinga á skólanefnd var ákveðið að nefndin afgreiði skýrslu um húsnæðisþörf skólans áður en haustar.

b) Skólaakstur. Greinargerð aðstoðarskólameistara lögð fram. Tilraunir um breytt akstursfyrirkomulag á leiðinni Vatnsleysustönd-Keflavík lofa góðu. Samþykkt að halda þeim áfram. Athugun hefur leitt í ljós að ná má aukinni hagkvæmni á leiðinni Sandgerði-Garður-Keflavík og leiðinni Hafnir-Keflavík. Ingólfi Halldórssyni falið að semja við Steindór Sigurðsson um ný verð fyrir akstursleiðina Sandgerði-Garður-Keflavík og við sveitastjórnann í Hafnahreppi um breytt greiðslufyrirkomulag vegna aksturs á leiðinni Hafnir-Keflavík. Fyrirkomulag aksturs á leiðunum Grindavík-Keflavík og Njarðvík-Keflavík verður óbreytt.

c) Uppsögn starfsmanns. Drífa Sigfúsdóttir segir upp starfi sínu við skólann og mun ekki koma til starfa að loknu sumarleyfi. Um leið og henni eru þökkð störf samþykkir skólanefnd að auglýsa megí starfið og að hinn nýi ritari hefji störf 1. ágúst.

d) Borist hefur bréf frá menntamálaráðuneytinu þar sem beiðni skólans um að mega starfrækja fiskeldisbraut er hafnað. Skólanefnd harmar þessa afstöðu ráðuneytisins. Þar eð SSS hafði beitt sér í þessu máli og ályktað um það, var skólameistara falið að kynna þessa niðurstöðu fyrir SSS.

e) Starfsmannahaldi varnarliðsins var leigt tölvuver skólans til námskeiðahalds nú fyrir stuttu. Borist hefur þakkarbréf frá

f) Stórstúka Íslands og unglíngaregla stórstúkunnar héldu ársþing sín í skólanum nú í júníbyrjun. Borist hefur þakkarbréf frá Hilmari Jónssyni stórtemplar.

g) "Baðstofan" verður með myndlistarsýningu í skólanum daganna 17-25. júní nk. Er hún í tengslum við vinabæjarmót sem haldið er hér í Keflavík.

h) Gefinn hefur verið út kynningarbæklingur um starfsréttinda- og tækninám við skólann. Fram kom að tveir nemendur við skólann Eysteinn Eyjólfsson og Unnur Sturlaugsdóttir söfnuðu auglýsingum í bæklinginn og unnu að öðru leyti. Kann skólanefnd þeim þakkir fyrir.

i) Borist hefur bréf frá menntamálaráðuneytinu um að Ægir Sigurðsson sé settur aðstoðarskólameistari næsta skólaár, frá og með 1. ágúst nk.

j) Borist hefur bréf frá menntamálaráðuneytinu um að skólanum sé veitt heimild til notkunar stoðkerfis í kennslu.

k) Næsta vetur verður Jennifer Messhmer frá Bandaríkjunum nemi við skólann. Hún verður skiptinemi á vegum Rótaryklúbbs Keflavíkur.


l) Erindi Sigrúnar Þorsteinsdóttur kennara. Samþykkt að afgreiða jafnhliða kennararáðningum.

m) Hulda Björk Þorkelsdóttir, bókavörður, hefur verið kosinn svæðistrúnaðarmaður bókasafnsfræðinga gagnvart kjaranefnd ríksstarfsmanna.

n) Beiðni skólans um að mega starfrækja netagerðarbraut við skólann er að komast í höfn. Ef allt fer sem fram horfir verður FS eini skólinn í landinu sem starfrækir nám í netagerð.

o) Borist hefur bréf frá skólastjóra Tónlistarskóla Keflavíkur þar sem skólanum er boðinn til kaups flygill á kr. 100.000,00 Samþykkt að kaupa flygilinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19.15.



Stefán Jónsson
fundarritari



Guðmundur Björnsson
formaður skólanefndar